

Ed.

## 730. Nefndarálit

[359. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það mikla áfall, sem reið yfir þegar Útvegsbankinn riðaði til falls, var þungur dómur um þá alvarlegu ágalla sem eru á íslensku bankakerfi. Ójöfn samkeppni ríkis og einkabanka stuðlar að skipulagsleysi og óhagkvæmni. Ríkisrekstur margra banka hefur reynst skaðlegur markmiðum efnahagsstjórnar og óábyrgur þegar á reyndi.

Útvegsbankamálið var því ærið tilefni til róttækra viðbragða með þeim hætti að byggja upp heilbrigðara bankakerfi án ríkisafskipta eða a.m.k. með miklum samdrætti þeirra.

Í byrjun desember s.l. ályktaði þingflokkur Alþýðuflokksins um Útvegsbankamálið. Ályktun þessi fylgir með þessu nefndarálit sem fylgiskjal. Þar er í fyrsta lagi lögð áhersla á nauðsyn þess að eyða óvissu í Útvegsbankamálinu með því að leggja þá þegar fram lausn á því. Í öðru lagi var lagt til að rekstur ríkisbanka yrði stokkaður upp þannig að stofnaðir yrðu tveir viðskiptabankar úr þremur og annar þeirra síðan seldur sem hlutafélag. Þessi lausn hefði bætt skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði hagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála. Í þriðja lagi var lagt til að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í bankaráð en viðskiptaráðherra þess í stað falin skipan þeirra. Í heild miðar þessi lausn að því að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af bankarekstri jafnframt því að draga skýrar línur hvað varðar stjórnarábyrgð á bankarekstri.

Niðurstaða málsins nú sýnir að ríkisstjórnin hefur ekki getu eða vilja til að breyta íslensku viðskiptalífi til ábyrgari starfshátta og í öðru lagi hefur ríkisstjórnin ekki getu eða vilja til að framfylgja lögum. Á annað ár hefur Útvegsbankinn ekki uppfyllt þau ákvæði laga um viðskiptabanka sem kveða á um hlutfall eiginfjár af niðurstöðutölum efnahagsreiknings.

Ábyrgð Sjálfstæðisflokksins er stór í þessu máli. Engum dylst ábyrgð ráðamanna Sjálfstæðisflokksins á Hafskipsmálinu, síst þeim sjálfum. Þess vegna setti flokksráð Sjálfstæðisflokksins endurskipulagningu bankakerfisins á oddinn á fundi sínum í nóvember s.l. og krafðist þess að aldrei rynni eyrir úr ríkissjóði í Hafskipsgjaldþrotið. Getuleysi þessa stærsta flokks þjóðarinnar til að standa við áform sín sannar það rækilega að Sjálfstæðisflokkurinn sjálfur er **báknið** sem helst þarf **burt** úr íslensku stjórnkerfi.

Í tvo áratugi hafa menn talað um nauðsyn endurskipulagningar bankakerfisins. Sú lausn, sem hér er lögð til, breytir engu. Í ljósi þess getur 1. minni hl. ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 3. mars 1987.

Stefán Benediktsson,  
fundaskr.

## Fylgiskjal.

### **Ályktun þingflokks Alþýðuflokksins um bankamál.**

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur að nú sé nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á íslenska bankakerfinu sem miði að því að efla á Íslandi bankakerfi þar sem efnahagsleg og viðskiptaleg sjónarmið séu í fyrirrúmi. Rétt sé að hið opinbera stuðli að því að hér á landi starfi fáir, allstórir viðskiptabankar, er veitt geti atvinnulífi og einstaklingum alhliða þjónustu.

Það er skoðun þingflokksins að markmið endurskipulagningar bankakerfisins skuli vera þrjúþætt:

Í fyrsta lagi að eyða óvissu um framtíð þeirrar bankastarfsemi sem nú fer fram innan Útvegsbankans.

Í öðru lagi að bæta skipulag og rekstur bankakerfisins frá sjónarmiði rekstrarhagkvæmni, samkeppni, þjónustu og stjórnar peningamála.

Í þriðja lagi að draga úr ábyrgð og afskiptum ríkisins af rekstri viðskiptabanka, fækka ríkisbönkum og draga skýrari línur hvað varðar stjórnarábyrgð í bönkum.

Við þá endurskipulagningu bankakerfisins, sem nú er óhjákvæmileg, telur þingflokkurinn eðlilegast að líta á ríkisbankana þrjá í einu lagi. Eignum þeirra og skuldum verði steipt saman að viðbættum sama eiginfjárstuðningi og Seðlabanki Íslands hefur lagt til að veittur verði ef Útvegsbanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki sameinast. Þessari bankastarfsemi, þ.e. ríkisbönkunum þremur, verði þegar skipt í tvo ámóta stóra og fjárhagslega sterka banka þar sem Landsbankinn yrði uppistaðan í öðrum en Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn í hinum. Öðrum þessara banka verði breytt í hlutfélagsbanka og allt hlutféð boðið til sölu, hinn bankinn starfi áfram sem ríkisbanki.

Þingflokkurinn telur það rökrétta afleiðingu af slíkri endurskipulagningu bankakerfisins að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í bankaráð viðskiptabanka. Bankaráð ríkisbanka verði skipað af ráðherra bankamála út frá faglegum sjónarmiðum. Ráðherra tilnefni einnig einn fulltrúa í bankaráð hvers hlutfjárbanka hvort sem ríkið á hlut í bankanum eða ekki. Setja ber strangari ákvæði en nú gilda um viðskipti bankaráðsmanna og fyrirtækja í þeirra eigu við hlutadeigandi banka. Ákveðið verði í lögum að meðal þeirra mála, sem bankaráð skuli fjalla um og ákvarða eigi sjaldnar en árlega, sé hámark lánveitinga til eins aðila í hlutfalli við eigið fé bankans.

Það er skoðun þingflokks Alþýðuflokksins að með þessu móti yrði stuðlað að eflingu bankakerfis þar sem ríkti nokkurt jafnræði með ríkisbönkum og hlutfjárbönkum og að slíkt kerfi gæti átt ríkan þátt í að efla efnahagslegar framfarir hér á landi, bæta bankaskipulagið til frambúðar og gæta almannahagsmuna í bráð og lengd.